Ágripabók

Fræði og fjölmenning 2016

Uppbygging og þróun íslensks fjölmenningarsamfélags

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ágripabók ráðstefnunnar
Ágripin eru birt eins og þau bárust frá höfundum sjálfum og hafa ekki verið lesin yfir með tilliti til efnis og málfars af aðstandendum ráðstefnunnar.

Ráðstefnan er samstarfsverkefni: Háskóla Íslands, Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, innanríkisráðuneytisins, Kópavogsbæjar, MARK - Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna, Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd, Rauða krossins, Reykjavíkurborgar, Stúdentaráðs Háskóla Íslands og velferðarráðuneytisins.

Ráðstefna

FRÆÐI OG FJÖLMENNING 2016:
Uppbygging og þróun íslensks fjölmenningarsamfélags

Dagskrá

	HÁTÍÐASALUR	STOFA 207	STOFA 218	STOFA 220	STOFA 222	STOFA 225	STOFA 229
9.30-10.00	**HÚSIÐ OPNAÐ** Kaffi/te og kex						
10.00-10.35	**SETNING RÁÐSTEFNU** **1. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, setur ráðstefnuna** **2. Guðmundur Hálfdanarson, forseti Hugvísindasviðs:** *„Hvenær verður maður Íslendingur?“* **3. Maja Loncar, MA-nemi í félagsráðgjöf:** *„Flóttabörn – tækifæri til betri framtíðar“* **4. Steinunn Gestsdóttir, prófessor við Sálfræðideild og ráðstefnustjóri, útskýrir framvindu ráðstefnu**						
10.40-11.40	Fjölmenningarsamfélagið Ísland 20 árum síðar: Hvernig vegnar því?	Að vaxa og mótast í íslensku menntakerfi	A University Programme with “The Whole World as a Focus”: Supporting and Expanding an International Education Programme in Iceland	Innflytjendur og margbreytileiki á Íslandi	Fjölmenning í víðu samhengi	Íslenska sem annað mál	Upplifun hælisleitenda og innflytjenda af þjónustu og stuðningi í samfélaginu
11.40-12.10	**LÉTTUR HÁDEGISVERÐUR**						
12.10-13.10	Mansal á Íslandi	Menning, íþróttir og hinsegin fræðsla sem verkfæri til að tengja börn saman	Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Iceland	Kvennaathvarf á tímum fjölmenningar	Skiptir uppruni máli? Borgaravitund í íslensku samfélagi	Fjölmenningarsamfélag í nærmynd: Birtingarmyndir, samfélagstúlkun og börn	Að vinna fyrir og með flóttafólki og hælisleitendum: Réttarstaða, félagsþjónusta og vinnumarkaður
13.10-13.20	**SKIPTING**						
13.20-14.20	Hatursglæpir	Fjölmenning innan Háskóla Íslands – ávinningur, áskoranir og framtíðarsýn	Kennsluaðferðir í fjölbreyttum nemendahópum	Fjölmenningarborgin Reykjavík		Velferð fólks af erlendum uppruna: Áskoranir og tækifæri	Flóttamaður eða flóttamaður, hver er munurinn?
	RÁÐSTEFNULOK Sætur biti og sódavatn á jarðhæð Aðalbyggingar Háskóla Íslands						

Velferðarmál, s.s. félagsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og atvinnuþátttaka
Menntamál, s.s. kennsla, uppeldismál, íþróttir og tómstundir
Saga, trú, menning og tungumál
Samfélagsmál, s.s. mannvísindi, lög, hagfræði, viðskipti og stjórnmál

Samstarfsaðilar: Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær, innanríkisráðuneytið, Kópavogsbær, Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna, Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, Rauði krossinn, Reykjavíkurborg, Stúdentaráð Háskóla Íslands, velferðarráðuneytið.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Fjölmenningarsamfélagið Ísland 20 árum síðar: Hvernig vegnar því? 6
Saga og hlutverk innflytjendaráðs og hugleiðingar um framtíð stjórnsýslu í málefnum innflytjenda 6
Fjölbreytileiki: ábyrgð, lærdómur og möguleikar 6
Fjölmenningarsamfélag á Íslandi: Unga fólkið og menntakerfið 6

Mansal á Íslandi 8
Vinna lögreglunnar með mansal 8
Mansalsfórnarlömb og nærþjónusta 8
Vinnumarkaðurinn og mansal 8

Hatursglæpir 10
Hatursglæpir 10
Hatur og hleypidómar – Mörk tjáningarfrelsis og hatursorðræðu .....

Að vaxa og mótast í íslensku menntakerfi 11
Að klífa íslenskan menntastiga alveg upp í topp og blómstra alla leið: Sóknarfæri í menntun nemenda með íslensku sem annað mál 11
Móðurmálskennsla í félagslegu og fræðilegu samhengi 11
Foreldrasamstarf í leikskóla: Væntingar pólskra foreldra til leikskóla og viðhorf leikskólakennara til menntunar barna af erlendum uppruna 12

Menning, íþróttir og hinsegin fræðsla sem verkfæri til að tengja börn saman 13
Þar sem margbreytileikinn lifir: „Menningarmót" í leik-, grunn- og framhaldsskólum" .. 13
Hinsegin menntunarfræði og hinsegin fræðsla 13
Íþróttir og fjölmenning: Hvernig getur íþróttaiðkun sameinað eða aðskilið einstaklinga af ólíkum upprunum? 13

Fjölmenning innan Háskóla Íslands – ávinningur, áskoranir og framtíðarsýn 15
Þróun, gildi og áskoranir fjölmenningar innan Háskóla Íslands 15
Hlutverk stúdentaráðs í þjónustu við alþjóðalega nemendur 15
Mat á námi og áframhaldandi nám í nýju landi 15

A University Programme with "The Whole World as a Focus": Supporting and Expanding an International Education Programme in Iceland 17
Introducing the International Studies in Education Programme 17
Multiple dimensions of a social justice response 17
Examing the programme from the perspective of students and teachers 17
Examining the programme´s social justice response in relation to the broader institutional context 17

Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Iceland 19
Learning Spaces verkefnið 19
Leikskólastigið: Virk þátttaka og samfélag í leikskólum 19
Grunnskólastigið: Námsrými byggt á auðlindum nemenda 19
Framhaldsskólastigið: Students' strengths, learning spaces and culturally responsive school practices 20

Kennsluaðferðir í fjölbreyttum nemendahópum 21
Upper Secondary Teachers' Pedagogical Practice in Culturally Diverse Classrooms 21
„Ég tala meira þegar kennarinn notar kennsluaðferðir leiklistar" Að nota kennsluaðferðir leiklistar við að kenna nemendum af erlendum uppruna 21
Söguaðferð sem námsskipulag í fjölbreyttum nemendahópum 21

Innflytjendur og margbreytileiki á Íslandi 23

Margbreytileiki innflytjenda 23
Skilja bara þeir sem vilja? 23
Polish community in Iceland 24

Kvennaathvarf á tímum fjölmenningar 25
Margbreytileiki innflytjenda 25
„Ég hefði viljað vita“ 25

Fjölmenningarborgin Reykjavík 26
Fjölmenningarlegt starf í leikskólum Reykjavíkur 26
Vinna með einstaklingum og fjölskyldum af erlendum uppruna á velferðarsviði og ráðgjöf á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur 26
Fjölmenningarlegt starf í frístundastarfi 27
„Rætur og vængir“ – fjölmenningarleg verkefni á Borgarbókasafni Reykjavíkur 27

Fjölmenning í víðu samhengi 28
Íslenska tungan og transfólkið 28
Fötlun og myndlist 28

Skiptir uppruni máli? Borgaravitund í íslensku samfélagi 29
Borgari, þekktu sjálfan þig 29
Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 2014: Innsýn í reynslu fólks af erlendum uppruna 29
Fullbright og fjölmenning 29

Íslenska sem annað mál 31
Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku 31
Íslenska og vinna með börnum 31
Icelandic Online 31
Bjargir 32

Fjölmenningarsamfélag í nærmynd: Birtingarmyndir, samfélagstúlkun og börn . 33
Landvistarleyfi í bókmenntaheiminum: Birtingarmyndir innflytjenda í íslenskum bókmenntum 33
Hlutverk samfélagstúlkunar í aðlögun innflytjenda og flóttamanna 33
„...en hvenær fá þau bara að vera Íslendingar?“ Aðlögun barna af annarri kynslóð inflytjenda að íslensku samfélagi. 33

Velferð fólks af erlendum uppruna: Áskoranir og tækifæri 35
„Þetta er ekkert líf" - Daglegt líf hælisleitenda, tækifæri, þátttaka, heilsa og velsæld 35
Samskipti milli heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga af erlendum uppruna 35

Upplifun hælisleitenda og innflytjenda af þjónustu og stuðningi í samfélaginu 36
Reynsla hælisleitenda af fötlun og óformlegum og formlegum stuðningi 36
Húsnæðisaðstæður pólskra innflytjenda á höfuðborgasvæðinu ástand og áskoranir 36

Að vinna fyrir og með flóttafólki og hælisleitendum: Réttarstaða, félagsþjónusta og vinnumarkaður 38
Þetta er ofboðslega húmanískt, þú þarft að vera mikil manneskja: Þekking og reynsla fagfólks í starfi með hælisleitendum innan félagsþjónustunnar 38
Undirbúningur á Akureyri fyrir móttöku flóttafólks frá Sýrlandi 38
Flóttamenn á vinnumarkaði 39

Flóttamaður eða flóttamaður, hver er munurinn? 40
Flóttamaður eða flóttamaður hver er munurinn? 40
Þjónusta, ráðgjöf og stuðningur fyrir hælisleitendur og áskoranir tengdar breyttri réttarstöðu með tilkomu stöðu flóttamanns 40
Mín reynsla 41

Titill málstofu: **Fjölmenningarsamfélagið Ísland 20 árum síðar: Hvernig vegnar því?**
Tungumál: Íslenska
Samstarfsaðilar: Rauði krossinn á Íslandi
Tímasetning: 10:40-11:40, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Hátíðasalur, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Saga og hlutverk innflytjendaráðs og hugleiðingar um framtíð stjórnsýslu í málefnum innflytjenda
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Sigurjón Norberg Kjærnested, formaður Innflytjendaráðs
Ágrip: Samkvæmt lögum nr. 116/2012 um málefni innflytjenda, þá skipar félags- og húsnæðismálaráðherra eftir hverjar kosningar 6 manna innflytjendaráð. Hlutverk þess skv. lögunum er m.a að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda og hafa eftirlit með framkvæmd hennar, stuðla að opnum umræðum um málefni innflytjenda með ráðstefnum og fundum með hagsmunaaðilum, gera árlega tillögu til ráðherra um hverjar áherslur þróunarsjóðs innflytjendamála skulu vera og gera árlega tillögu til ráðherra um veitingu styrkja úr þróunarsjóði innflytjendamála.
Í erindi mínu mun ég fara yfir sögu og hlutverk innflytjendaráðs og setja fram nokkrar hugleiðingar varðandi framtíðarhlutverk þess og framtíðarfyrirkomulag stjórnsýslu málefna innflytjenda.

Titill erindis: Fjölbreytileiki: ábyrgð, lærdómur og möguleikar
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Anna Lára Steindal, heimspekingur
Ágrip: Í erindinu verður lögð áhersla á að skoða hvernig Íslendingar geta notfært sér þá staðreynd að fjölmenningarverkefnið hófst ártugum síðar á Íslandi en í löndunum í kringum okkur. Til að skilja hvernig við getum nýtt okkur þessa síðbúnu þróun á Íslandi og dregið lærdóm af því sem miður fór í Evrópu er nauðsynlegt að beina sjónum að hugmyndafræðilegum forsendum, m.a. skoða hvaða rullu vald spilar í fjölmenningarsamfélaginu og hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til að byggja brýr milli ólíkra hópa, stuðla að samræðu og gagnkvæmri virðingu. Fjallað erum þá tilhneigingu að gera innflytjendur ábyrga fyrir því hvernig fjölmenningarsamfélagið þróast og þeirri spurningu velt upp hvort gagnlegt væri að snúa fókusnum við – líta meira í eigin barm. Hver ber á endanum höfuðábyrgð á því byggja upp fjölmenningarsamfélag sem virkar og hverjum ber ríkust skylda til að taka frumkvæði að því?

Titill erindis: Fjölmenningarsamfélag á Íslandi: Unga fólkið og menntakerfið
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, Menntavísindasviði HÍ
Ágrip: Undanfarin ár hefur mikil þekking orðið til í íslensku menntakerfi um hvers konar námsumhverfi og leiðir henti fjölbreyttum nemendahópum. Í ljósi fjölgunar barna og nemenda af erlendum uppruna á öllum skólastigum undanfarna tvo áratugi er áhugavert að velta fyrir sér hvernig til hefur tekist að

laga skólakerfið að breyttu samfélagi og hvaða skref er nauðsynlegt að stíga á næstu áratugum í þróun þess.
Í erindinu verður leitað svara við ofangreindum spurningum og vísað í niðurstöður ýmissa rannsókna sem gerðar hafa verið í menntunarfræðum undanfarin ár þar sem raddir nemenda, foreldra, kennara og stjórnenda um íslenskt menntakerfi og fjölmenningarsamfélag koma fram.
Niðurstöður rannsóknanna benda til þess að þó að menntakerfið hafi tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum sé enn töluvert langt í land til að nemendur njóti þar jafnra tækifæra. Bent verður á ýmsar mögulegar leiðir sem styrkt gætu menntakerfið og aukið réttlæti í fjölmenningarlegu samfélagi.

Titill málstofu: **Mansal á Íslandi**
Tungumál: Íslenska
Samstarfsaðilar: Reykjavíkurborg
Tímasetning: 12:10-13:10, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Hátíðasalur, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Samfara auknum fólksflutningum um allan heim hefur glæpastarfsemi aukist. Árlega verða tugir þúsunda einstaklinga fórnarlömb mansal, ýmist í heimalandi eða erlendis. Hér eru um að ræða einhverja verstu skuggahlið hnattvæðingar og opinna landamæra.
Á Íslandi er mansal og er ekki vitað um umfang þess. Eftirspurn er eftir ódýru vinnuafli sem ýtir undir mansal. Einnig er eftirspurn eftir vændi sem ýtir undir kynferðislega misnotkun og styður við skipulagða sölu á fólki.
Upplýst umræða meðal almennings og viðurkenning þess að mansal er staðreynd á Íslandi er nauðsynleg. Vel upplýst fagfólk sem þekkir einkenni mansals og sem getur brugðist við og tekist á við eftirfylgni mála er mjög mikilvæg. Háskólasamfélagið þarf að láta mansalsmál meira til sín taka og sinna rannsóknum og kennslu um mansal.

Titill erindis: Vinna lögreglunnar með mansal
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesarar: Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Vilhjálmur Reyr Þórhallsson, yfirlögfræðingur hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum
Ágrip: Fjallað verður um reynslu saksóknara af málflutningi mansalsmála á Íslandi. Einnig verður fjallað um alþjóðlega samninga og skuldbindingar sem Ísland er aðili að. Fjallað verður um 227. gr. alm.hgl. er fjallar um mansal og hvaða þætti hennar löggæsluyfirvöld hafa horft til þegar mansalsmál eru til rannsóknar. Að lokum verður farið yfir nokkur einkenni hugsanlegra þolenda mansals.

Titill erindis: Mansalsfórnarlömb og nærþjónusta
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi hjá mannréttindaskrifstofu og skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkur
Ágrip: Starfsfólk sem vinna í nærþjónustu eru í lykilstöðu að finna möguleg mansalsfórnarlömb og því er mikilvægt að það sé vakandi fyrir mögulegum vísbendingum. Því skiptir máli að fræða hinar ýmsu starfstéttir og almenning um mansal og birtingaform þess . Sagt verður frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið um mansal og samstarfshópum á vegum innanríkis- og velferðarráðuneytisins um mansal og vinnu með fórnarlömbum.

Titill erindis: Vinnumarkaðurinn og mansal
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Ágrip: Verkalýðshreyfingin er mikilvægur hlekkur í baráttunni gegn mansali á Íslandi. Fulltrúar á vegum hreyfingarinnar hafa heimildir til vinnustaðaeftirlits og markvisst hefur verið unnið í því að fræða bæði formenn verkalýðsfélaga og starfsfólk félaga um allt land um einkenni mansals og viðbrögð við því. Niðurstaðan er sú að vinnumansal á Íslandi er orðið sýnilegra og brugðist er við því. Í erindinu verður stuttlega sagt frá fræðslunni til starfsfólks og hvaða árangri hún hefur skilað. Reifuð verða lauslega þau mál sem hafa komið fram í dagsljósið í kjölfar aukinnar menntunar og vitneskju um mansal.

Titill málstofu: Hatursglæpir
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 13:20-14:20, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Hátíðasalur, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Hatursglæpir
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Eyrún Eyþórsdóttir, lögreglufulltrúi hatursglæpa og doktorsnemi í mannfræði
Ágrip: Undanfarin ár hafa lögregluembætti víða um Evrópu lagt mikla áherslu á að lögreglan bregðist við, rannsaki og sinni forvörnum vegna hatursglæpa. Hatursglæpur er ekki lagalega skilgreint hugtak en almennt er gengið út frá skilgreiningu Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunnar Evrópu (ODIHR) sem tilgreinir hatursglæp sem verknað sem brýtur gegn hegningarlögum og þarf ásetningur brotsins að vera neikvætt viðhorf gerandans gagnvart ákveðnum „eiginleikum" brotaþolans eða „hópi" sem hann tilheyrir. Þessir „hópar" eða „eiginleikar" eru skilgreindir mis víðtækt milli landa en samkvæmt íslensku almennu hegningarlögum, gr. 233a, er um að ræða: þjóðerni, litarháttur, kynþáttar, trúarbrögð, kynhneigð og kynvitund.
Í janúar 2016 var sett á laggirnar, hjá embætti Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu, staða lögreglufulltrúa sem sinna skal þessu verkefni. Staðan er þróunarverkefni og verður unnið eftir fyrirmynd sambærilegra staða annarra lögregluembætta á Norðurlöndum.
Í þessum fyrirlestri verður betur gert grein fyrir starfinu, áskorunum hérlendis og sögu- og félagslegt samhengi þessara miklu áherslu Evrópulanda á hatursglæpi.

Titill erindis: Hatur og hleypidómar – Mörk tjáningarfrelsis og hatursorðræðu
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesarar: Hilmar Hildarson Magnúsarson, formaður Samtakanna '78 og Björg Valgeirsdóttir hdl., eigandi DIKA lögmanna.
Ágrip: Hilmar Hildarson Magnúsarson, formaður Samtakanna ’78, mun fjalla um hatursorðræðu út frá sögulegu og pólitísku samhengi við hinsegin samfélagið á Íslandi. Greint verður og frá aðdraganda þess að 10 einstaklingar voru kærðir fyrir hatursorðræðu í garð hinsegin fólks á Íslandi vorið 2015.
Björg Valgeirsdóttir, lögmaður Samtakanna ’78, skilgreinir í kjölfarið hvers vegna samtökin álíta sem svo að hin kærðu ummæli skilgreinist sem hatursorðræða út frá lagalegu sjónarhorni. Þá verður og gerð stuttlega grein fyrir því hvar málin eru stödd í dag og hvert framhaldið er.

Titill málstofu: **Að vaxa og mótast í íslensku menntakerfi**
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 10:40-11:40, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 207, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Að klífa íslenskan menntastiga alveg upp í topp og blómstra alla leið: Sóknarfæri í menntun nemenda með íslensku sem annað mál
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Dr. Sigríður Ólafsdóttir, aðjúnkt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Ágrip: Niðurstöður doktorsrannsóknarinnar: *Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku.*
Farsælt námsgengi byggist að verulegu leyti á færni nemenda í að afla sér þekkingar í gegnum lestur og að tjá hugsanir sínar og kunnáttu í rituðu máli. Hlutverk skólasamfélagsins er að tryggja öllum nemendum viðunandi kennslu og þjálfun til að öðlast slíka færni. Rannsóknin skoðaði þróun íslensks orðaforða og lesskilnings grunnskólanema með íslensku sem annað mál og tengsl á milli þessara færniþátta. Færni barnanna í að tjá hugmyndir sínar í ritun og færa rök fyrir þeim var könnuð og hvort mætti tengja hana við orðaforða þeirra. Niðurstöður sýna að nauðsynlegt er að efla markvisst íslenskan orðaforða sem rannsóknin leiðir í ljós að er undirstaða lesskilnings og ritunarfærni. Meiri og markvissari áhersla á íslenskukennslu, sem leiðir til reglulegra framfara, eflir sjálfstraust og námsgleði nemenda með íslensku sem annað mál og veitir möguleika til áframhaldandi náms.

Titill erindis: Móðurmálskennsla í félagslegu og fræðilegu samhengi
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Renata Emilsson Peskova**,** formaður samtakanna Móðurmáls og doktorsnemi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Ágrip: Víða um heim, jafnt sem á Íslandi, hefur móðurmálskennsla tekið stakkaskiptum á undaförnum. Rannsóknir á sviði annarsmálsfræða, fjölmenningarfræða og sálfræði ítreka mikilvægi móðurmáls fyrir fjöltyngd börn bæði félagslega og námslega og setja það í samhengi við lestur, akademískan árangur, sjálfsmynd og virka þátttöku í samfélaginu.
Móðurmálskennsla á vegum Móðurmáls – samtaka um tvítyngi – hefur breyst frá foreldrareknu áhugastarfi í átt að viðurkenndri starfsemi sem hefur merkingu bæði fyrir fjölskyldur, samfélagið og skólakerfi. Móðurmálskennsla á vegum samtakanna Móðurmáls stendur utan skólakerfisins en lykilhlutverki gegna móðurmálskennarar.
Í fyrirlestrinum verður sagt frá niðurstöðum rannsóknarinnar „Viðhorf móðurmálskennara til móðurmálskennslu“ sem framkvæmd var sumarið 2015. Greint frá hollustu og metnaði móðurmálskennara og félagslegu hlutverki þeirra, en einnig kerfisbundinni gagnrýni þeirra. Rannsóknin beinir sjónum að séreinkennum móðurmálskennslu og varpar ljósi á ýmsar fræðilegar og félagslegar vísbendingar. Niðurstöðurnar gefa til kynna að með enn frekari

stuðningi og samtali á milli fagaðila gæti hugsanlegur ávinningur móðurmálskennslu orðið mun markvissari.

Titill erindis: Foreldrasamstarf í leikskóla: Væntingar pólskra foreldra til leikskóla og viðhorf leikskólakennara til menntunar barna af erlendum uppruna
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Iwona María Samson, sérkennslustjóri í leikskóla
Ágrip: Ísland er í dag að verða fjölbreyttara samfélag að því leitinu, að fleiri einstaklingar af erlendum uppruna setjast hér að og stunda nám og vinnu hérlendis. Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað í íslenskum skólum undarfarin ár og í desember 2014 voru það 2.197 börn og algengasta erlenda móðurmálið er pólska eða 922 leikskólabörn.
Rannsóknin og viðtölin sem hún byggir á benda til þess, og styðja rannsóknir annarra um það, að væntingar foreldra barna af erlendum uppruna varðandi leikskólagöngu barnanna eru að leikskólinn sé mikilvægur fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast íslenskri menningu.
Rannsóknin sýnir hvaða væntingar mæður pólsku barnanna hafa og hvaða viðhorf leikskólakennarar hafa til menntunar barna af erlendum uppruna og að báðir aðilar séu sammála um mikilvægi góðs samstarfs á milli þeirra.

Titill málstofu: Menning, íþróttir og hinsegin fræðsla sem verkfæri til að tengja börn saman
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 12:10-13:10, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 207, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Þar sem margbreytileikinn lifir: „Menningarmót" í leik-, grunn- og framhaldsskólum"
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Kristín R. Vilhjálmsdóttir, kennari, verkefnastjóri fjölmenninngar á Borgarbókasafni Reykjavíkur og MA nemi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.
Ágrip: Menningarmót, sem er líka þekkt undir nafninu "Fljúgandi teppi", er þverfagleg kennsluaðferð sem hefur það að markmiði að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima þátttakenda. Menningarmót má útfæra með mörgum námsgreinum og námssviðum og oft tengjast þau vinnu með sjálfsmynd barna, skapandi greinar, lífsleikni, íslensku - og tungumálakennslu. Lykilatriði við útfærslu Menningarmóts er að litið sé á hugtakið fjölmenningu í víðum skilningi – eitthvað sem varðar alla, ekki einungis ákveðna hópa. Áhersla er lögð á að hver og einn kynni sín áhugamál og menningu, sem tengist ekki endilega þjóðmenningu. Menningarmótin hafa verið notuð með góðum árangri í kennslu, bæði í Danmörku og á Íslandi undanfarin 12-15 ár og eru sjö skólar í Reykjavík orðnir formlegir „Menningarmótsskólar". Höfundur verkefnisins mun í erindinu fara yfir helstu atriði þess og framkvæmd og kynna til sögunnar kennsluleiðbeiningar sem eru að finna á heimasíðunni www.menningarmot.is

Titill erindis: Hinsegin menntunarfræði og hinsegin fræðsla
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Jón Ingvar Kjaran, nýdoktor og aðjúnkt við MVS
Ágrip: Hinsegin menntunarfræði / uppeldisfræði hefur það að markmiði að tengja saman hinseginfræði og krítíska uppeldisfræði. Hvort tveggja á rætur sínar að rekja til kenninga Frankfurtarskólans innan félagsfræðinnar. Í erindinu mun ég ræða inntak hinsegin menntunarfræða og jafnframt velta fyrir mér hvernig hægt er að innleiða slíka nálgun í kennslu og skólastarfi. Með öðrum orðum hvaða möguleika veitir hinsegin menntunarfræði starfandi kennurum til að kenna um fjölmenningu og stuðla að námsumhverfinu án hvers kyns aðgreiningar? Enn fremur mun ég ræða núverandi Aðalnámskrá og hvað hún hefur að segja um hinsegin fræðslu. Að lokum mun ég velta fyrir mér hvernig hinsegin fræðsla er framkvæmd innan skólakerfisins og hvað má gera betur í þeim efnum.

Titill erindis: Íþróttir og fjölmenning: Hvernig getur íþróttaiðkun sameinað eða aðskilið einstaklinga af ólíkum upprunum?
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Eva Dögg Guðmundsdóttir, Cand. Mag.í menningar-og innflytjendafræðumog uppeldis og menntunnarfræðum.

Ágrip: Umfjöllunarefni erindisins er að varpa ljósi á íþróttaiðkun sem vettvang til myndunnar þverþjóðlegra tengsla. Á norðurlöndunum og í Hollandi hefur íþróttaiðkun verið álitin sem samfélagslegan vettvang til að samþætta (integration) einstaklinga af ólíkum upprunum í samfélaginu.
Rannsóknir hafa bent á að íþróttavettvangurinn getur, ef vel tekist til, verið lýðræðislegur vettvangur, þar sem húðlitur, uppruni, trúabrögð eða tungumálaerfiðleikar skipta ekki máli í samskiptum einstaklinganna. Þegar þetta er sagt, getur þó íþróttavöllurinn að sama skapi verið fjandsamur þar sem að þrífast fordómar og mismunun einstaklinga og hópa á milli.
Markmið erindisins er að kynna rannsóknir sem að varpa ljósi á þetta rannsóknarsvið og samvinnuverkefnið SAMSPIL sem að undirrituð er hugmyndasmiður af og samtvinnar ókeypis íþróttaæfingar og hópeflisæfingar um fjölmenningarlega samfélagsvitund. SAMSPIL hefur verið styrkt til framkvæmda af ÍTR undanfarin 2 ár og hlaut í haust styrk úr þróunasjóði innflytjendamála frá Velferðarráðuneytinu, til framkvæmda sumarið 2016.

Titill málstofu: **Fjölmenning innan Háskóla Íslands – ávinningur, áskoranir og framtíðarsýn**
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 13:20-14:20, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 207, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Markmið málstofunnar er að gera grein fyrir stöðu fjölmenningar innan HÍ, greina frá þeirri þjónustu sem stendur erlendum nemendum til boða og samtarfi innan HÍ í móttöku á erlendum nemendum. Þá verður sjónum sérstaklega beint að flóttamönnum og hvernig HÍ hyggst bregðast við komu þeirra til Íslands og vinna úr þeirra málum. Að erindum loknum verður tækifæri til umræðna sem vænst er til að gagnist til áframhaldandi jákvæðrar þróunar í málaflokknum.

Titill erindis: Þróun, gildi og áskoranir fjölmenningar innan Háskóla Íslands
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Friðrika Harðardóttir, forstöðumaður Skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands
Ágrip: Alþjóðlegir nemendur eru mikilvæg uppspretta fjölbreytni og nýsköpunar innan háskólasamfélaga. Vægi erlendra nema við Háskóla Íslands hefur aukist í takt við aukna alþjóðavæðingu háskólanáms og vaxandi áhuga og ásókn í nám við Háskóla Íslands. Að taka vel á móti alþjóðlegum nemum og tryggja þeim góða þjónustu er grundvöllur árangursríks náms við Háskóla Íslands þar sem ávinningur af fjölmenningu innan háskólasamfélagsins er hámarkaður.
Móttaka og þjónusta við alþjóðlega nemendur hefur verið tekin til gagngerrar endurskoðunar samhliða vaxandi hlutverki Skrifstofu alþjóðasamskipta gagnvart erlendum nemendum og starfsfólki og því á mörgu að taka hvað varðar breytingar í þeim efnum og framtíðarsýn.

Titill erindis: Hlutverk stúdentaráðs í þjónustu við alþjóðalega nemendur
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Aron Ólafsson, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ágrip: Fjallað verður um þann félagslega stuðning sem erlendir nemendur fá í gegnum Mentor verkefnið, samstarfsverkefni Alþjóðanefndar Stúdentaráðs og Skrifstofu alþjóðasamskipta, upplýsingar og ráðgjöf um reglur og réttindi sem erlendir nemendur geta sótt til Stúdentaráðs. Einnig verður farið yfir annað það starf Stúdentaráðs sem stuðlar að félagslegri virkni og rýfur einangrun.

Titill erindis: Mat á námi og áframhaldandi nám í nýju landi
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: ína Dögg Eyþórsdóttir, verkefnastjóri ENIC/NARIC matskrifstofu
Ágrip: Vaxandi fjöldi flóttamanna sækist eftir mati á námi sínu og áframhaldandi námi í Evrópu. Málaflokkurinn hefur verið í mikilli þróun og mótun undanfarið ár enda afar brýnt að menntasamfélagið bregðist við á skjótan og skilvirkan hátt svo hægt sé að finna farsælar lausnir á þeim áskorunum sem honum fylgja. Að auki hafa alþjóðlegar ráðstefnur um háskólanám nýverið beint sjónum sínum að

móttöku flóttamanna og sérfræðingar miðlað mikilvægum og hagnýtum upplýsingum sem ENIC/NARIC matskrifstofan getur gert skil á.

Titill málstofu: A University Programme with "The Whole World as a Focus": Supporting and Expanding an International Education Programme in Iceland
Tungumál: Enska
Tímasetning: 10:40-11:40, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 218, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Introducing the International Studies in Education Programme
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Brynja Halldórsdóttir
Ágrip: Introduction to the International Studies in Education Program (ISEP) at the University of Iceland, which started as a social justice response to a growing migrant population seeking to access quality education. Initial planning of the program took place during Iceland's years of economic prosperity with implementation beginning in the fall of 2008, the onset of the financial crisis. In this seminar we present three interrelated papers as the basis for a discussion on the role of the ISEP in developing critical global citizenship.

Titill erindis: Multiple dimensions of a social justice response
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Sue Gollifer
Ágrip: The first paper presents the findings from previous articles that document the progress of the program from multiple perspectives. These include: the role of English, de facto segregation of students, and local contexts within global trends (Books et al., 2010); the case-study approach as pedagogical practice (Macdonald and Pálsdóttir, 2011; 2013); the challenges and implications of empowering diverse teachers for diverse learners (Ragnarsdóttir, 2012); and the effects of critical pedagogy and experiences of female student graduates (Ragnarsdóttir & Blöndal, 2014).

Titill erindis: Examing the programme from the perspective of students and teachers
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Elizabeth Lay and Jurghita Motiejunaite
Ágrip: In the second paper, we draw on student and teacher interviews to examine systemic and pedagogic challenges to ensuring quality HE opportunities for globally diverse students. We interviewed students both at the BA and the MA level to explore their perspectives of successes and challenges. We then asked teachers about their experiences of working with a diverse student body and how teachers engaged with their students and how these experiences have informed, disrupted and developed their practice as teachers.

Titill erindis: Examining the programme´s social justice response in relation to the broader institutional context
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Brynja Halldórsdóttir and Sue Gollifer

Ágrip: In this final paper, we aim to contextualise the findings from the previous research and our own to discuss the role of the ISEP in developing critical global citizenship. There is no doubt that the ISEP offers an interesting learning and teaching space that allows for innovative and creative pedagogic responses. However, we use these findings to ask: What might it mean to define the university as a pedagogical space that disrupts, disturbs, inspires and energizes young people to be individual and social agents rather than as an institution that redefines itself in terms of market values and reacts mostly to market fluctuations (Giroux, 2015)?

Titill málstofu: Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Iceland
Tungumál: Enska og íslenska
Tímasetning: 12:10-13:10, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 218, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Learning Spaces verkefnið
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, Menntavísindasviði HÍ
Ágrip: Meginmarkmið verkefnisins eru að öðlast skilning á reynslu nemenda af erlendum uppruna sem átt hafa náms- og félagslegri velgengni að fagna á Íslandi og læra af henni; að kanna og öðlast skilning á því hvernig félagslegt réttlæti birtist í skólastarfi og öðru námsumhverfi sem byggir á fjölbreytileika og hefur jafnrétti að leiðarljósi. Verkefnið er þverfaglegt og byggir á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði.
Samhliða gagnasöfnun á Íslandi fór fram gagnasöfnun samkvæmt sambærilegu rannsóknarlíkani í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Íslandi, í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og samstarf rannsóknahópa í öllum löndunum.
Niðurstöður varpa ljósi á skólastarf sem er til fyrirmyndar með tilliti til náms- og félagslegs árangurs nemenda af erlendum uppruna og verða þannig leiðarljós fyrir umbætur í kennslu og skólastarfi ásamt því að verða mikilvægt framlag til þróunar menntastefnu og kennaramenntunar.

Titill erindis: Leikskólastigið: Virk þátttaka og samfélag í leikskólum
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesarar: Fríða B. Jónsdóttir doktorsnemi, Hanna Ragnarsdóttir prófessor og Hildur Blöndal doktorsnemi, Menntavísindasviði HÍ
Ágrip: Uppruni, tungumál og menning leikskólabarna á Íslandi verður fjölbreyttari með hverju árinu og í dag eru um 11% allra leikskólabarna á Íslandi með önnur móðurmál en íslensku (Hagstofa Íslands, 2015). Kynntar verða nokkrar niðurstöður tilviksrannsókna í þrem íslenskum leikskólum sem tóku þátt í Learning Spaces verkefninu. Áherslan er á menntun og umhyggju þar sem fjölbreytileika barnahópsins er mætt með valdeflandi aðferðum og skipulagi (Banks, 2010; Brooker, 2002; Cummins, 2004; Noodings, 1992, 2008). Niðurstöður benda til þess að allir leikskólarnir hafi þróað aðferðir og námsrými (e. learning spaces) þar sem þörfum allra barna er mætt og áhersla er lögð á umhyggju og styðjandi umhverfi. Leikskólarnir leggja áherslu á lýðræði, jöfnuð og fjölbreytileika í daglegu starfi sínu, hver með sínum hætti. Niðurstöður úr viðtölum við foreldra benda jafnframt til þess að þegar leikskólunum tekst að virkja þá til þátttöku líti þeir jafnframt á leikskólann sem leið til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Titill erindis: Grunnskólastigið: Námsrými byggt á auðlindum nemenda
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesarar: Anna Katarzyna Wozniczka doktorsnemi og Edda Óskarsdóttir doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ

Ágrip: Í erindinu verður fjallað um niðurstöður úr grunnskólahluta rannsóknarinnar. Niðurstöður benda til að skýrar væntingar um nám og árangur skipti máli fyrir velgengi nemenda af erlendum uppruna. Enn fremur kemur fram að þróun verkefna sem tengjast menningarheimum nemenda, hvatning til að nota móðurmálið og að virkja foreldra er mikilvægt til að styðja nemendur af erlendum uppruna til sjálfstæðis, til að þroska með sér forvitni, njóta þess að læra og þjálfast í gagnrýninni hugsun.

Titill erindis: Framhaldsskólastigið: Students' strengths, learning spaces and culturally responsive school practices
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesarar: Samúel Lefever dósent, Anh-Dao Tran post doc og Susan Rafik Hama doktorsnemi, Menntavísindasviði HÍ
Ágrip: In this paper we explore interconnections between personal strengths of upper-secondary school students, conducive learning spaces and effective teacher practices in Iceland.
The theoretical framework is based on critical theory and culturally responsive pedagogy.
The data are derived from interviews with nine teachers and twenty-five students with immigrant backgrounds from three upper-secondary schools in Iceland. The findings of the study indicate that successful students are active participants in diverse learning spaces. The students draw on a variety of resources, including personal strengths such as resilience and resourcefulness, family support, social connections, cultural identity, and emerging language skills. Central to the development of their academic potential are teacher practices which include teacher-student dialogue; valuing students' background knowledge; high expectations of students and inclusive pedagogy. Teachers strive to provide their students with supportive learning spaces enabling them to grow and attain their goals.

Titill málstofu: **Kennsluaðferðir í fjölbreyttum nemendahópum**
Tungumál: Enska og íslenska
Tímasetning: 13:20-14:20, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 218, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Upper Secondary Teachers' Pedagogical Practice in Culturally Diverse Classrooms
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Anh-Dao Tran, nýdoktor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Ágrip: This presentation is based on the doctoral study *Deficient "foreigners" or untapped resources: Students of Vietnamese background in Icelandic upper secondary schools*. Its purpose is to understand how well the Icelandic educational system has established itself to make it equitable for immigrant youth.
This paper has the objective to explore the perceptions and the practices of eight teachers. The findings from the interviews indicate that due to the lack of resources and knowledge about pedagogical practices informed by multicultural education philosophy, the teachers in the study resorted to doing the best they could. Despite the kindness and helpfulness towards the students, they did not take into account the students' cultural and educational background. The students were perceived to be deficient due to their lack of Icelandic language proficiency and were socially isolated from their Icelandic-heritage peers.

Titill erindis: „Ég tala meira þegar kennarinn notar kennsluaðferðir leiklistar" Að nota kennsluaðferðir leiklistar við að kenna nemendum af erlendum uppruna.
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesarar: Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúnkt, og Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Ágrip: Um þessar mundir eru breytingar í Evrópu sem snerta ungt fólk. Fólk leitar að störfum í mismunandi löndum, ungt fólk flyst með fjölskyldum sínum og flóttamenn leita skjóls í Evrópu. Þessar breytingar kalla á fjölmenningarlega menntun sem hjálpar nemendum að finna hamingju og lífsfyllingu. Með hjálp frá samrýni (critical friend) framkvæmdi kennari starfslega sjálfsrýni (self-study of education practices) þar sem hann skoðaði eigin kennsluaðferðir í leiklistarkennslu og hvernig kennararnemar nýttu þær í vettvangsnámi. Tilgangurinn var að fræðast um og öðlast skilning á því hvernig kennsluaðferðir leiklistar gætu stutt við nemendur af erlendum uppruna við að læra nýtt tungumál og öðlast skilning á nýrri menningu. Gögnum var safnað með viðtölum, athugunum á vettvangi, og rannsóknardagbók. Niðurstöður benda til að kennsluaðferðir leiklistar séu gagnlegar þegar nemendur af erlendum uppruna læra íslensku og við að öðlast skilning á nýrri menningu. Kennsluaðferðirnar spuni, hugrenningar og kyrrmyndir gögnuðust nemendum við að bæta við orðaforðann og fá innsýn í nýja menningu

Titill erindis: Söguaðferð sem námsskipulag í fjölbreyttum nemendahópum
Lengd erindis: 15 mínútur

Fyrirlesari: Jóhanna Karlsdóttir, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Ágrip: Með auknum fjölbreytileika nemenda og fjölmenningu leitast kennarar við að finna hentugar leiðir til að koma til móts við alla nemendur í námi og kennslu. Söguaðferð (e. Storyline) er námsskipulag þar sem ólíkum þörfum og áhuga nemenda er mætt. Námsskipulaginu eru gerð skil í námskeiði í kennaranámi í Kennaradeild Háskóla Íslands þar sem kennaranemar fá kynningu á því og nýta í vettvangsnámi.
Tilgangur rannsóknar sem gerð var á þessu námskeiði var að safna upplýsingum um hvernig kennaranemar bregðast við áskoruninni um að kenna í fjölbreyttum nemendahópi í vettvangsnámi sínu. Markmiðið var að skilja hvernig þeir skipuleggja vettvangsnám á árangursríkan hátt með því að nota Söguaðferð sem námsskipulag. Rannsóknarspurningin var: Hvernig bregðast kennaranemar við fjölbreyttum nemendahópi með ólíkar þarfir, áhuga og bakgrunn í skóla án aðgreiningar?
Niðurstöður benda til að Söguaðferð gefi kennaranemum svigrúm til að skipuleggja nám og kennslu fyrir fjölbreyttan nemendahóp og taka um leið tillit til ólíkra nemenda.

Titill málstofu: **Innflytjendur og margbreytileiki á Íslandi**
Tungumál: Íslenska og enska
Samstarfsaðilar: MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna
Tímasetning: 10:40-11:40, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 220, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Málstofan leggur áherslu á mikilvægi þess að fjalla um innflytjendur sem fjölbreytilegan hóp.

Titill erindis: Margbreytileiki innflytjenda
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesarar: Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði, við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ágrip: Allt frá lokum tuttugustu aldarinnar hefur fjöldi innflytjenda aukist mjög á Íslandi sem hluti af stærri samfélagslegum breytingum. Samhliða hefur umræða um eðli og einkenni íslensks samfélags aukist, sem og um stöðu þess innan alþjóðlegs samfélags. Þrátt fyrir að flestir innflytjendur komi frá Evrópu er fjölbreytileiki þeirra mikill og er í fyrirlestrinum fjallað um hvernig hann birtist í viðhorfum sem þessir ólíku hópar mæta á Íslandi. Fyrirlesturinn setur reynslu þessara einstaklinga í samhengi við þróun annars staðar í Evrópu og tengir við alþjóðlegar kenningar fræðimanna um fjölmenningarlegt samfélag í samtímanum. Byggt er á niðurstöðum rannsóknaverkefna okkar sem skoðað hafa fjölmenningu og fordóma á Íslandi. Niðurstöður sýna mikilvægi þess að taka tillit til skörunar ólíkra þátta, svo sem uppruna, litarhátts, stéttar og kyns.

Titill erindis: Skilja bara þeir sem vilja?
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Stefanie Bade, doktorsnemi í íslenskri málfræði, Íslensku- og menningardeild
Ágrip: Nýlegur upplestur veðurfrétta í ríkisútvarpi hefur vakið mikla athygli þar sem upplesarinn talaði með hreim. Erlendur hreimur er eitt mest áberandi einkenni í tali útlendinga og rannsóknir erlendis hafa leitt í ljós að óhefðbundin málnotkun svo sem frávik frá hljóðfræðilega eðlilegu tali er oft tengd við neikvæðar staðalímyndir. Fyrstu niðurstöður nýlegrar rannsóknar hérlendis (Bade & Isenmann, væntanlegar 2016) benda til þess að Íslendingar séu tiltölulega umburðarlyndir gagnvart innflytjendum og málnotkun þeirra. Hins vegar eru vísbendingar um það að þjóðerni eða uppruni fólks skipti máli við mat á tali innflytjenda og hefur það afleiðingar fyrir félagslega stöðu þeirra innan samfélags.
Í fyrirlestrinum verður hugað að því hvaða einstaklingsbundnir og félagslegir þættir geta skipt máli við skynjun erlends hreims og það hvernig mat er lagt á talandann. Hliðsjón verður höfð af rannsóknum erlendis svo sem umræðum um málefnið hérlendis.

Titill erindis: Polish community in Iceland
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Anna Wojtyńska, doktorsnemi í mannfræði, Félags- og mannvísindadeild
Ágrip: Poles are by far the largest immigrant group in Iceland. Accounting to more than 10.000 persons, they consist about 3% of the Icelandic population. As such large group their presence is already visible in the social and public space of Iceland. Poles have established several associations to meet their different goals. In my presentation I am going to present Poles as a distinctive community that adds to Icelandic cultural diversity. Additionally, I will show that this group is not homogeneous. Although the majority of Poles came searching for work, they are a quite diverse group in terms of place of origin, age, or education. They also differ in the ways in which they integrate into Icelandic society.

Titill málstofu: **Kvennaathvarf á tímum fjölmenningar**
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 12:10-13:10, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 220, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Fjölmenningarlegt Kvennaathvarf - breyttir tímar breytt þörf
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Hildur Guðmundsdóttir, vaktstýra Kvennaathvarfsins
Ágrip: Gerð verður grein fyrir starfi Kvennaathvarfsins með konum af erlendum uppruna en þær eru um helmingur dvalarkvenna athvarfsins á ári hverju. Konurnar sem koma í athvarfið eiga ólíkan bakgrunn, koma frá ólíkum menningarheimum og samfélögum, sumar tala hvorki íslensku né ensku. Þær þurfa annars konar þjónustu en lagt var af stað með í upphafi. Eitt af verkefnum Kvennaathvarfsins undanfarin ár hefur verið að mæta þörf þessara kvenna, auka þjónustu og laga starfsemina að því samfélagi fjölmenningar sem Ísland er orðið. Erindi Hildar fjallar um stöðu kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið og hvernig athvarfið aðlagar sig að breyttri þörf í breyttu samfélagi.

Titill erindis: „Ég hefði viljað vita“
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Ísól Björk Karlsdóttir, starfskona í Kvennaathvarfinu
Ágrip: Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknar Ísólar en rannsóknin snéri að aðstæðum kvenna sem flytja frá landi utan EES til Íslands til að hefja sambúð eða giftast íslenskum ríkisborgara sem reynist vera ofbeldismaður. Fjallað verður um mikilvægi þess að upplýsa innflytjendur við komuna til landsis um réttindi, úrræði, stuðning og hvert megi leita í neyðartilvikum. Í rannsókninni er leitast við að svara því hvort skynsamlegt sé að skylda innflytjendur í samfélagsfræðslu og hvernig slíkri fræðslu væri best háttað. Tekin voru viðtöl við sjö konur sem allar voru sammála um mikilvægi þess að veita innflytjendum upplýsingar fljótlega eftir komu þeirra til landsins og höfðu ýmsar skoðanir á því hvar og hvernig best væri að slík fræðsla færi fram. Það var skoðun viðmælenda að íslenskt samfélag bjóði upp á góða aðstoð og mörg úrræði fyrir innflytjendur. Vandamálið er þó skortur á upplýsingamiðlun til þeirra sem flytjast hingað til lands.

Titill málstofu: **Fjölmenningarborgin Reykjavík**
Tungumál: Íslenska
Samstarfsaðilar: Reykjavíkurborg
Tímasetning: 13:20-14:20, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 220, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Frá árinu 1993 hefur Reykjavík verið í fararbroddi í vinnu með innflytjendum og flóttafólki en íbúar af erlendum uppruna eru nú um 10% borgarbúa. Mannréttindastefna Reykjavíkur felur í sér kröfu um jafnt aðgengi borgarbúa að þjónustu á öllum sviðum borgarinnar, menningu, menntun og velferð. Mikilvægt er að tryggja að innflytjendur hafi sama aðgang að fjölbreyttri þjónustu borgarinnar og aðrir íbúar og geti nálgast upplýsingar um hana. Hlúa þarf sérstaklega að fjölskyldum af erlendum uppruna en samtals eru um 3000 börn á leik- og grunnskólaaldri.
Hjá Reykjavíkurborg er unnið markvisst að því að þróa og bæta þjónustu við innflytjendur. Lögð er áhersla á að starfsfólk borgarinnar tileinki sér aukna þekkingu og færni í að mæta þörfum íbúa af erlendum uppruna.
Í málstofunni verða fjögur stutt erindi þar sem fjallað verður um þjónustu velferðarsviðs, mannréttindaskrifstofunnar, skóla- og frístundasviðs og verkefni á menningar – og ferðamálasviði.

Titill erindis: Fjölmenningarlegt starf í leikskólum Reykjavíkur
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólum
Ágrip: Stefna um fjölmenningarlegt leikskólastarf var fyrst samþykkt árið 2001 en síðan endurskoðuð og endurútgefin 2006. Eftir sameiningu skóla- og frístundastarfs í borginni 2011 var samþykkt sameiginleg stefna fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf. Með reglulegu millibili hafa verið gerðar kannanir á því hvernig leikskólar borgarinnar fylgja eftir fjölmenningarlegu leikskólastarfi. Í fjölmenningarlegu leikskólastarfi felst foreldrasamstarf, vinna með mál og læsi fjöltyngdra barna , vinna með samskipti, viðhorf og þróun leikumhverfis sem býður alla velkomna til þátttöku. Fríða Bjarney mun kynna helstu niðurstöður könnunar sem birtar voru 2015.

Titill erindis: Vinna með einstaklingum og fjölskyldum af erlendum uppruna á velferðarsviði og ráðgjöf á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Edda Ólafsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs og mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur
Ágrip: Í Reykjavík eru starfandi 6 þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar þar sem íbúar borgarinnar geta leitað eftir fjölbreyttri þjónustu fyrir alla aldurshópa. Áhersla er lögð á þróun í þjónustu við innflytjendur en þeim hefur fjölgað undanfarin ár sem leita eftir þjónustu.
Frá árinu 2005 hefur borgin tekið á móti tæplega 100 kvótaflóttafólki og einnig búa margir einstaklingar í borginni sem fengið hafa stöðu sem flóttamenn eftir hælismeðferð.

Í lok árs 2013 var gerður samningur við innanríkisráðuneytið um þjónustu við hælisleitendur. Samningurinn var nýlega endurnýjaður og eru nú 90 einstaklingar og þar af 3 fjölskyldur í þjónustu hjá Reykjavíkurborg.
Í málstofunni verður sagt frá þeirra vinnu sem velferðar og mannréttindaskrifstofa eru að sinna með fólki af erlendum uppruna.

Titill erindis: Fjölmenningarlegt starf í frístundastarfi
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, framkvæmdarstjóri hjá frístundamiðstöðinni Kampi
Ágrip: Í Reykjavík eru starfræktar sex frístundamiðstöðvar og er frístundamiðstöðin Kampur þekkingarstöð í fjölmenningu en hún var stofnuð árið 2007 og þjónar miðborg og hlíðum. Frístundamiðstöðin Kampur hefur verið leiðandi í verkefnum er lúta að fjölmenningarlegu frístundastarfi, í gegnum verkefni, rannsóknir, að miðla þekkingu og fræðslu til starfsmanna. Í málstofunni mun Dagbjört Ásbjörnsdóttir framkvæmdarstjóri hjá frístundamiðstöðinni Kampi kynna helstu niðurstöður á þátttöku barna og unglinga í skipulögðu frístundastarfi og mikilvægi þess.

Titill erindis: „Rætur og vængir“ – fjölmenningarleg verkefni á Borgarbókasafni Reykjavíkur
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar á Borgarbókasafninu
Ágrip: Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur síðastliðin 8 ár starfað með yfirlýsta stefnu UNESCO um fjölmenningarleg bókasöfn að leiðarljósi. Sérstök áhersla er lögð á að samspil milli fjölbreyttrar menningar og tungumála auðgi mannlíf borgarinnar. Allir eiga sér sína sögu hvaðan sem þeir koma. Í fjölmenningarlegri borg er það sameiginlegt verkefni að flétta saman þessar sögur og búa til nýjar í sameiningu. Bókasöfn eru gátt inn í samfélagið, miðstöðvar mannlífs og menningar, og þessvegna augljós vettvangur fyrir starfsemi sem sameinar borgarbúa. Meðal fjölmenningarlegra verkefna safnsins sem verða kynnt í málstofunni eru „Café Lingua – lifandi tungumál“, „Menningarmót“, „Heilahristingur“ - heimanámsaðstoð á bókasafninu og „Söguhringur kvenna“.

Titill málstofu: **Fjölmenning í víðu samhengi**
Tungumál: Íslenska
Samstarfsaðili: MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna
Tímasetning: 10:40-11:40, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 222, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Íslenska tungan og transfólkið
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands
Ágrip: Með lögum nr. 52/2012 um „réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda" er Ísland komið í hóp þeirra landa sem fremst standa varðandi réttindi transfólks. Baráttuhreyfingar hinsegin- og transfólks eiga margt sameiginlegt á alþjóðavísu í gagnrýni sinni á hið gagnkynhneigða sís-kynja regluveldi. Meðal þess er barátta fyrir rétti til nafnbreytinga, kynleiðréttinga sem og barátta gegn sjúkdómsvæðingu transfólks. Á Íslandi bætist mikilvægur þáttur við flókið samhengi og tilveru transfólks en það er íslenska tungan, kynjatvíhyggja hennar og hugmyndir Íslendinga um varðveislu tungunnar. Enda þótt sjálfsskilningur og sjálfsmyndir transfólks séu ekki einsleit er tungumálið þar grundvallarþáttur eins og hjá sís-kynja fólki.
Í erindinu er fjallað um hvernig kynjatvíhyggja íslenskunnar og hið opinbera regluverk um tungumálið sníða fólki þröngan stakk sem gerir sjálfstjáningu og sjálfsmyndir transfólks enn flóknari en ella. Það á ekki síst við þegar í hlut eiga transeinstaklingar af erlendum uppruna.

Titill erindis: Fötlun og myndlist
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands
Ágrip: Viðfangsefni þessa erindis eru margslungin tengsl fötlunar og lista. Stiklað verður á stóru í listasögunni og svipmyndum brugðið upp af því hvernig fötlun hefur verið notuð sem efniviður í myndlist og haft áhrif á listastefnur. Gefin verður innsýn í hvernig persónuleg reynsla margra þekktustu listamanna listasögunnar af fötlun og skerðingu hefur haft áhrif á listsköpun þeirra, tjáningu og tækni. Í lok erindisins verður fjallað um merkimiðann fötlun í tengslum við jaðarlist, fötlunarlist og myndlist. Þó svo að inngróin sjónarmið og vanahugsun um fötlun geti skert möguleika fatlaðs fólks til listsköpunar er ljóst að listin sjálf tekur mannlegum fjölbreytileika fagnandi.

Titill málstofu: **Skiptir uppruni máli? Borgaravitund í íslensku samfélagi**
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 12:10-13:10, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 222, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Borgari, þekktu sjálfan þig
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesarar: Gunnar Hersveinn, rithöfundur og stundakennari og Friðbjörg Ingimarsdóttir, MA í mennta- og menningarstjórnun og félagi í ReykjavíkurAkademíunni.
Ágrip: Hvernig er hægt að efla borgaravitund í fjölmenningarsamfélagi? Svarið er fjölþætt en gagnrýnin og skapandi hugsun ásamt þekkingu á jafnrétti og mannréttindum er lykillinn. Gunnar Hersveinn og Friðbjörg Ingimarsdóttir hafa skrifað bókina *Hugskot – skamm-, fram- og víðsýni* (2016) í því augnamiði að efla áhuga borgarans á að greina ímyndir, fordóma og texta til að skapa betra samfélag. Einstaklingar með sterka réttlætiskennd sem hika ekki við að mótmæla misrétti ættu að vera draumaborgarar hvers samfélags.

Titill erindis: Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 2014: Innsýn í reynslu fólks af erlendum uppruna
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Guðrún Magnúsdóttir, MA í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningarfræðum
Ágrip: Í rannsókn minni er lýðræðisleg þátttaka innflytjenda í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík 2014 skoðuð. Í kenningalegri umræðu er fjallað um kenningar um kosningaþátttöku, þverþjóðleika, ríkisborgara- og kosningarétt og innflytjendur á Íslandi eru skilgreindir. Farið er yfir borgarstjórnarkosningarnar 2014, en þar er íslenskur raunveruleiki skoðaður; hlutföll innflytjenda á Íslandi og kosningaþátttaka þeirra skoðuð. Þar næst er kosningabaráttan, skoðanakannanir og úrslit kosninganna útlistuð. Þá er búin til nokkurs konar tímalína yfir moskumálið svokallaða sem setti mikinn svip á kosningabaráttuna. Niðurstöður eru meðal annars þær að það sé mjög misjafnt hvort fólk af erlendum uppruna taki þátt í kosningum á Íslandi. Aðgengi að upplýsingum frá flokkunum virðist vera gott en það sama má ekki segja um upplýsingar um hvort fólk sé með kosningarétt, þar sem einn viðmælandi vissi ekki að hann hefði kosningarétt. Viðmælendur voru spurðir um moskumálið og var meirihlutinn sammála um að það hafi sett svartan blett á kosningabaráttuna.

Titill erindis: Fullbright og fjölmenning
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Belinda Theriault, framkvæmdastjóri Fulbright stofnunarinnar á Íslandi
Ágrip: Þegar rætt er um að byggja upp þekkingu á fjölmenningu er alþjóðlegt samstarf mikilvægt, bæði þurfum við að læra af reynslu annarra og stuðla að málefnalegrii umræðu, m.a. með því að fá sjónarmið erlendra fræðimanna með reynslu og sérþekkingu á þessu sviði. Fulbright stofnunin getur og vill vera

öflugur samstarfsaðili í þessu ferli. Margir átta sig ekki á öllum þeim möguleikum sem bjóðast í gegnum Fulbright. Í þessu erindi verða nefnd nokkur dæmi um það hvernig Fulbright getur unnið með háskólasamfélaginu og stjórnsýslunni, bæði hvað varðar fræðilegt innlegg en jafnframt að praktískum verkefnum sem Ísland stendur frammi fyrir.

Titill málstofu: **Íslenska sem annað mál**
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 10:40-11:40, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 225, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Þeir sem setjast að á Íslandi þurfa að læra íslensku. Í málstofunni verður fjallað um nýjar aðferðir í kennslu og námi íslensku sem annars máls sem þróaðar hafa verið í Háskóla Íslands: Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku og Icelandic Online.

Titill erindis: Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Dr. Guðrún Theodórsdóttir, lektor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
Ágrip: *Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku* er nýleg aðferð í tungumálanámi og kennslu sem miðar að því að skapa nemendum tækifæri til að tala íslensku utan kennslustofunnar í daglegu lífi sínu. Áhersla er á tengsl kennslustofunnar við lífið utan hennar og er Íslenskuþorpið áfangi á þeirri leið þannig að nemendur tala við venjulega Íslendinga sem hafa lofað því að tala íslensku við þá og gefa þeim tíma. Þannig verður upplifun nemenda af samskiptum utan kennsluatofunnar jákvæð. Íslenskuþorpið fékk Evrópumerkið 2013-2015.

Titill erindis: Íslenska og vinna með börnum
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir, stundakennari við Háskóla Íslands
Ágrip: Námskeiðið Íslenska og vinna með börnum er samstarfsverkefni Íslenskuþorpsins, Vinnumálastofnunar og Mímis. Á námskeiðinu læra atvinnuleitendur af erlendum uppruna íslensku eftir aðferðum Íslenskuþorpsins. Námskeiðið fer fram í kennslustofu og í starfsþjálfun á leikskólum þar sem starfsfólkið er þátttakendur í verkefninu. Markmiðið er að nemendur læri íslensku í ranverulegum aðstæðum og jafnframt að stuðla að aukinni samfélagsvirkni þeirra og atvinnuþátttöku.

Titill erindis: Icelandic Online
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Dr. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands
Ágrip: *Icelandic Online* er opinn og gjaldfrjáls vefur til íslenskunáms en hann var þróaður á vegum Háskóla Íslands. Vefurinn var opnaður árið 2004 og er með um 150.000 skráða notendur. Á þessu ári verður vefurinn aðgengilegur gegnum snjalltæki. Í erindinu verður *Icelandic Online* lýst í stuttu máli, farið yfir möguleika vefsins til eflingar íslenskukennslu og tungumálakennslu almennt óháð tíma og rúmi.

Titill erindis: Bjargir
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Kolbrún Friðriksdóttir, aðjúnkt í íslensku sem öðru máli við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
Ágrip: Vefnámskeiðið Bjargir er eitt námskeiðanna sjö undir hatti Icelandic Online en það er ætlað byrjendum í námi íslensku sem annars máls. Námskeiðið miðast við þarfir fullorðinna sem eru að koma sér fyrir í íslensku samfélagi.
Efni námskeiðsins tekur til margvíslegra hagnýtra þátta daglegs lífs.
Björgum hefur verið vel tekið meðal innflytjenda á Íslandi en þúsundir hafa nýtt sér námskeiðið frá opnun þess árið 2010. Það hefur jafnframt reynst góð undirstaða framhaldsnámskeiðanna Icelandic Online 1-5 sem miðast við A1-C1 í evróskum færnistaðli.

Titill málstofu: **Fjölmenningarsamfélag í nærmynd: Birtingarmyndir, samfélagstúlkun og börn**
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 12:10-13:10, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 225, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Landvistarleyfi í bókmenntaheiminum: Birtingarmyndir innflytjenda í íslenskum bókmenntum
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Sólveig Ásta Sigurðardóttir, MA bókmenntafræði
Ágrip: Hvernig geta bókmenntarannsóknir stuðlað að gagnrýnni umræðu um stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi? Hvað getur íslenskur skáldskapur sagt okkur um fjölmenningu á Íslandi? Innflytjendur eru tæp 10% íslenskra þegna og setja svip sinn á menningu þjóðarinnar. Þátttaka innflytjenda í íslensku bókmenntalífi hefur hins vegar verið afar takmörkuð, samanber hve fáir innflytjendur eða einstaklingar með íslensku að öðru máli hafa gefið út skáldverk á Íslandi. Kenningar eftirlendufræða nýtast til skoðunar þess valdaójafnvægis sem lítil umfjöllun um innflytjendur innan íslenskrar bókmenntastofnunar hefur í för með sér. Í þessum fyrirlestri verður farið yfir sameiginleg einkenni íslenskra skáldverka sem fjalla um innflytjendur með tilliti til framsetningu persóna og íslensks máls og út frá kenningaramma eftirnýlendufræðanna.

Titill erindis: Hlutverk samfélagstúlkunar í aðlögun innflytjenda og flóttamanna
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingarfræði við Háskóla Íslands
Ágrip: Í þessu erindi verður farið stuttlega yfir hlutverk samfélagstúlkunar við aðlögun innflytjenda og flóttamanna, en fullyrða má að lykilþáttur í aðlögun fólks að samfélagi, atvinnulífi, félags- og skólakerfi, auk heilbrigðiskerfis, eru vel heppnuð samskipti. Farið verður yfir hvernig staðan er á þessu sviði núna og hvernig má bæta úr með aukinni menntun túlka og nýrri tilhögun á markaði og innkaupum ríkisins.

Titill erindis: „...en hvenær fá þau bara að vera Íslendingar?“ Aðlögun barna af annarri kynslóð innflytjenda að íslensku samfélagi.
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Inga Hrönn Häsler, MA nemi í Hnattrænum tengslum við Háskóla Íslands
Ágrip: Víða erlendis tíðkast að vísa til barna innflytjenda sem annarrar kynslóðar innflytjenda og rannsóknir hafa sýnt að uppruni foreldranna afmarki þau samfélagslega. Í erindinu verða fyrstu niðurstöður úr rannsókninni Önnur kynslóð innflytjenda: Vonir og væntingar sem þátttakendur í íslensku (skóla)samfélagi ræddar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða aðlögun barnanna að íslensku samfélagi og viðhorf annarra úr íslensku samfélagi í þeirra garð. Leitast verður við að varpa ljósi á hvernig börnin upplifa stöðu sína í íslensku samfélagi og spurt hvort þau standi jafnfætis öðrum íslenskum börnum. Horft er til mikilvægi íslenskrar tungu og móðurmáls barnanna í samhengi við

stöðu þeirra. Einnig er leitast við skoða og skilja hvenær skilgreiningin „önnur kynslóð innflytjenda" hættir að skipta máli fyrir börnin sem og annað fólk í íslensku samfélagi.

Titill málstofu: **Velferð fólks af erlendum uppruna: Áskoranir og tækifæri**
Tungumál: Íslenska
Tímasetning: 13:20-14:20, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 225, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: „Þetta er ekkert líf" - Daglegt líf hælisleitenda, tækifæri, þátttaka, heilsa og velsæld
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Lilja Ingvarsson, lýðheilsufræðingur
Ágrip: Kynntar verða niðurstöður MA-rannsóknar Lilju en markmið hennar var að öðlast skilning á reynslu og upplifun hælisleitenda á Íslandi. Áhersla var lögð á daglega iðju, tækifæri til þátttöku í iðju og áhrif á heilsu og velsæld að bíða í óvissu. Niðurstöður: Fjögur megin þemu lýstu reynslu hælisleitenda og búsetu, tækifærum til þátttöku, upplifun valdleysis og framtíðarsýn. Ályktanir: Mikilvægt er að stytta málsmeðferðartíma, huga að búsetuformi og stuðla að tækifærum til þátttöku í iðju við hæfi.

Titill erindis: Samskipti milli heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga af erlendum uppruna
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesarar: Edythe L. Mangindin, Thuy Thi Pham og Birna Guðrún Flygenring, hjúkrunarfræðingar
Ágrip: Á síðustu árum hefur innflytjendum fjölgað hratt á Íslandi. Fjölgun þeirra gerir Ísland ekki lengur að einsleitu samfélagi, heldur fjölmenningarsamfélagi. Þessi breyting gerir ákveðnar kröfur til heilbrigðisþjónustunnar. Í fyrirlestrinum verður skoðað hvaða þætti þarf að hafa í huga í samskiptum heilbrigðisstarfsfólks við sjúklinga af erlendum uppruna og kynnt hvernig þessum samskiptum er háttað á íslenskum heilbrigðisstofnunum.
Helstu atriðin sem heilbrigðisstarfsfólk þarf að hafa í huga eru: Að meta íslenskukunnáttu einstaklingsins; að nota faglærðan túlk þegar þörf krefur; og að hafa í huga að menning hefur áhrif á heilsufar, viðhorf, hegðun og tjáskipti einstaklings. Heilbrigðisstarfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir menningarmun. Hjúkrunarstjórnendur töldu samskipti við sjúklinga af erlendum uppruna yfirleitt ganga ágætlega, en stundum komu upp hindranir vegna samskiptaörðugleika og vankunnáttu í menningarhæfni.

Titill málstofu: **Upplifun hælisleitenda og innflytjenda af þjónustu og stuðningi í samfélaginu**
Tungumál: Íslenska
Samstarfsaðilar: MARK – Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna, Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd
Tímasetning: 10:40-11:40, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 229, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Reynsla hælisleitenda af fötlun og óformlegum og formlegum stuðningi
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Dr. Guðbjörg Ottósdóttir, lektor í félagsráðgjöf
Ágrip: Þekking á reynslu hælisleitenda af fötlun og stuðningi er lítil (Ottosdottir, 2015). Fyrirlesturinn fjallar um niðurstöður doktorsrannsóknar höfundar sem framkvæmd var í Englandi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna þá þætti sem hafa áhrif á upplifun og reynslu hælisleitenda af fötlun, óformlegum og formlegum stuðningi. Um var að ræða eigindlega rannsókn þar sem tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 15 hælisleitendur með fötlun, 13 fjölskyldumeðlimi og vini og 17 starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að fatlað fólk upplifir fjölþættar áskoranir þegar kemur að aðgengi að þjónustu og þáttöku í samfélaginu sem tengjast fötlun þeirra, lagalegri stöðu og réttindum. Fjölskyldumeðlimir og vinir veittu þeim töluverðan stuðning í því samhengi sem mótaðist af ónægum réttindum fatlaðs fólks til þjónustu, fátæktar, menningartengdum viðhorfum og fjölskylduhefðum. Niðurstöður rannsóknarinnar veita aukna innsýn inn í hvernig fötlun samtvinnast fjölmörgum öðrum þáttum í lífi fatlaðs fólks og fjölskyldna sem eru hælisleitendur.

Titill erindis: Húsnæðisaðstæður pólskra innflytjenda á höfuðborgasvæðinu ástand og áskoranir
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands
Ágrip: Í erindinu verður grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar Húsnæðisaðstæður pólskra innflytjenda á höfuðborgasvæðinu ástand og áskoranir, sem lauk s.l. sumar 2015 en hefur ekki verið kynnt opinberlega fyrr. Rannsóknin beindist að húsnæðisaðstæðum pólskra innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu, þar sem tveir þriðju allra pólskra innflytjenda í landinu búa. Rannsóknin byggði á rafrænni könnun, þar sem tæplega 300 þátttakendur uppfylltu öll skilyrði. Gagnaöflun fólst auk þess á djúpviðtölum, óformlegum viðtölum, rýnihóp og úrvinnslu ýmissa ritaðra heimilda. Auk þess var gerður samanburður við gögn úr rannsókninni Polonia Reykjavík 2010. Í erindinu verða helstu niðurstöður kynntar sem varpa ljósi á reynslu pólskra innflytjenda af húsnæðismálum hvaða búsetuform er algengast meðal þeirra og hvort/hvernig það er breytilegt eftir kyni, aldri, fjölskyldugerð, lengd dvalar í landinu og

atvinnustöðu. Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Titill málstofu: **Að vinna fyrir og með flóttafólki og hælisleitendum: Réttarstaða, félagsþjónusta og vinnumarkaður**
Tungumál: Íslenska
Samstarfsaðilar: MARK – Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna, Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd
Tímasetning: 12:10-13:10, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 229, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Þetta er ofboðslega húmanískt, þú þarft að vera mikil manneskja: Þekking og reynsla fagfólks í starfi með hælisleitendum innan félagsþjónustunnar
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Snjólaug Sigurjónsdóttir, MA nemi í félagsráðgjöf
Ágrip: Fyrirlesturinn fjallar um niðurstöður meistararannsóknar á þekkingu og reynslu fagfólks sem starfar með hælisleitendum innan félagsþjónustu. Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í þekkingu og reynsluheim starfsfólks. Rannsóknin var eigindleg þar sem tekin voru hálfstöðluð viðtöl við sjö starfsmenn í tveimur sveitarfélögum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að álag og tímaskortur hafa áhrif á starfið og að aðgengi að yfirmönnum, stuðningi og fræðslu væri erfitt. Fram kom að starfsmenn upplifðu hlutverk sitt oft tvíbent en á sama tíma og þeir sinna stuðningi við hælisleitendur þá finna þeir sig í hlutverki hliðvarðar. Starfsmenn upplifðu fagþekkingu sína og reynslu vannýtta í ákvarðanatöku stofnana um frekari þróun á þjónustu. Þjónustan er í stöðugri þróun og í því samhengi töldu starfsmenn sig hafa töluvert frelsi til að meta einstaklingsmál. Niðurstöður rannsóknarinnar veita aukna innsýn í þá þætti sem hafa áhrif á starf starfsfólks í félagsþjónustu sem starfar með hælisleitendum og þær áskoranir sem það upplifir.

Titill erindis: Undirbúningur á Akureyri fyrir móttöku flóttafólks frá Sýrlandi
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Kristín Sóley Sigursveinsdóttir, iðjuþjálfi, MPA, verkefnastjóri Akureyrarbæjar um móttöku flóttafólks frá Sýrlandi og lektor við Háskólann á Akureyri. Meðhöfundar að erindi: Dr. Nicole Dubus, lektor í félagsráðgjöf við ríkisháskólann í San Jose og sérfræðingur í móttöku flóttafólks og Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri.
Ágrip: Stríðið í Sýrlandi hefur nú staðið sleitulaust í rúm fjögur ár og enn er engin lausn í sjónmáli. Stór hluti Sýrlendinga er á flótta, ýmist innan eða utan Sýrlands. Ríkisstjórn Íslands ákvað á síðasta ári að taka á móti flóttafólki frá Sýrlandi. Fjórar fjölskyldur koma til Akureyrar í upphafi árs, samtals 23 einstaklingar.
Tilgangur erindis er að kynna það undirbúningsstarf sem átt hefur sér stað í aðdraganda komu flóttafólksins til Akureyrar. Kynntar eru þær bjargir sem tiltækar voru í undirbúningi verkefnisins og fjallað um það viðfangsefni þegar tiltölulega einsleitur bær undirbýr móttöku fjölskyldna úr allt öðru menningarumhverfi. Þá verður rætt hvernig þróa megi skýrari hlutverk og samskipti meðal þeirra stofnana sem taka þátt í slíkri móttöku og að lokum

fjallað um næstu skref og hvernig nýta megi reynslu og þekkingu sem skapast í slíkum verkefnum til að stuðla að faglegu og skilvirku vinnulagi í móttöku flóttafólks í framtíðinni.

Titill erindis: Flóttamenn á vinnumarkaði
Lengd erindis: 15 mínútur
Fyrirlesari: Gerður Gestsdóttir, MA í félagslegri mannfræði
Ágrip: Staða einstaklinga með flóttamannsbakgrunn er ólík bæði félagslega og á vinnumarkaði og skiptir þar miklu máli hvort viðkomandi hefur komið til landsins sem kvótaflóttamaður, komið sem hælisleitandi og fengið stöðu flóttamanns eða fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Rannsóknir erlendis sýna að óöryggið sem fylgir bið eftir afgreiðslu umsóknar og leyfi til skamms tíma getur aukið áfallastreyturöskun sem margir í þessum hópi stríða við. Það er mikilvægt að byggja upp fagþekkingu hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum á því hvaða áhrif flóttamannsbakgrunnur getur haft á starfsgetu fólks. Það þarf bæði að styðja einstaklinginn í atvinnuleitinni og í vinnu, og bjóða vinnustöðum upp á stuðning og fræðslu. Hérlendis vantar rannsóknir á afdrifum flóttafólks og barna þeirra á vinnumarkaði, sem og skertri starfsgetu og örorku í þeirra hópi.

Titill málstofu: **Flóttamaður eða flóttamaður, hver er munurinn?**
Tungumál: Íslenska
Samstarfsaðilar: MARK – Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna, Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, Rauði krossinn á Íslandi
Tímasetning: 13:20-14:20, 6. febrúar 2016.
Staðsetning: Stofa 229, Aðalbygging Háskóla Íslands.

Titill erindis: Flóttamaður eða flóttamaður hver er munurinn?
Lengd erindis: 20 mínútur
Fyrirlesari: Áshildur Linnet, verkefnisstjóri í málefnum hælisleitenda og flóttamanna hjá Rauða krossinum
Ágrip: Mikil umræða hefur verið síðastliðið ár um málefni fólks á flótta og hefur umræðan oft á tíðum verið í véfréttastíl þar sem t.a.m. er talað um „flóttamannavandann" eða „flóttamannaflóðið" frekar en að ræða styrkleika þeirra samfélaga þar sem fólk leitar verndar og möguleika á að búa til sameiginlega framtíð. Á Íslandi hefur umræðan að einhverju leiti einnig verið tvískipt annars vegar í kringum hópa flóttafólks sem sérstaklega er boðið til búsetu hér á landi af íslenska ríkinu og hins vegar um þá sem komast hingað af eigin rammleik og óska eftir vernd. En er munur á flóttamanni og flóttamanni? Tekur íslenskt samfélag á móti þessum hópum með ólíkum hætti? Í erindinu verður varpað ljósi á þann aðstöðumun sem innbyggður er í íslenskt kerfi, velt upp hvers vegna samfélag sem byggir á jafnrétti er í þessari stöðu og hvaða leiðir eru mögulega færar til að breyta í átt að auknum jöfnuði.

Titill erindis: Þjónusta, ráðgjöf og stuðningur fyrir hælisleitendur og áskoranir tengdar breyttri réttarstöðu með tilkomu stöðu flóttamanns
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Sólveig Sveinbjörnsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri yfir málefnum hælisleitenda hjá Reykjavíkurborg
Ágrip: Komum hælisleitenda til landsins hefur fjölgað á sl. þremur árum. Fjórfalt fleiri hælisleitendur komu árið 2015 en 2012. Fjöldi þeirra sem fengið hafa stöðu flóttamanns eða mannúðarleyfi hefur fjórfaldast í samanburði á milli þessara ára. Fyrirlesturinn veitir innsýn í þjónustu og stuðning fyrir hælisleitendur hjá Reykjavíkurborg þau tvö ár sem verkefnið hefur starfað. Fjallað verður um þróun verkefnisins og helstu áskoranir. Einnig verður rætt um aðstöðumun í þjónustu og stuðningi fyrstu ár flóttafólks í íslensku/alþjóðlegu samfélagi þ.e. flóttafólks sem fá stöðu hér á landi og kvótaflóttafólks. Reykjavíkurborg og samstarfsaðilar hafa farið í gegnum mikilvægt lærdómsferli í þjónustu og stuðningi við hælisleitendur sem mikilvægt er að nýta til úrbóta í málaflokknum. Brýnt er að koma í veg fyrir aðstöðumun flóttafólks í þjónustu og stuðningi. Til þess þarf samtakamátt stjórnvalda, félagasamtaka og nýtingu velvilja fólks í samfélaginu sem vilja styðja flóttafólk í sínum fyrstu skrefum í að setjast að í nýju landi.

Titill erindis: Mín reynsla
Lengd erindis: 10 mínútur
Fyrirlesari: Yassin Hassan
Ágrip: Fyrir fimm árum kom Yassin Hassan til Íslands og sótti um hæli sem flóttamaður. Hann beið lengi eftir svari frá stjórnvöldum en var svo veitt hér staða flóttamanns. Yassin hefur á þeim tíma sem hann hefur dvalið á Íslandi reynt margt og er í dag með fyrirtæki í fullum rekstri með fjölda manna í vinnu. Yassin ætlar að deila með áheyrendum eigin reynslu og ræða hvaða stuðningur reyndist honum best, hverjar áskoranir í stuðningi við flóttafólk eru og hvað má bæta.